

Reykjavík 1. maí 2010,  
*Alþingi*  
Erindi nr. Ö 138/104  
komudagur 1.S. 2010

Til Atla Gíslasonar,  
formanns Þingmannancefndar til að sjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis

Efni svars Vinnuhóps um síðferði vegna viðtals við forseta Íslands í síðdegisútværpi Rásar 2, 14. apríl 2010. Birt í viðtali við Vilhjálm Árnason í síðdegisútværpi Rásar 2, 20. apríl 2010.

### 1. Katarbræðurnir.

Frásögn vinnuhópsins gefur ranglega í skyn forsetinn hafi átt fund með þeim Al Thani sem keypti hlutabréf í Kaupþingi. Vinnuhópurinn biðst velvirðingar á þessari rangfærslu. Í síðara bréfi hans til emírsins í Katar (dags. 22. maí 2008) segir meðal annars (í minni þýðingu): „Eins og ég lagði áherslu á í samræðum okkar á þriðjudaginn, eru nú þrjár meginstoðir í vaxandi samvinnu okkar: 1. Bankamál og fjármál þar sem samningar við Kaupþing banka hafa forgang.“

### 2. Flugferðin

Í þeim gögnum sem vinnuhópurinn aflaði hjá Flugþjónustunni á Reykjavíkurflugvelli kemur fram að forsetinn og forsetaritari hafi verið á farþegalista einkaþotu fyrir flug 4. maí 2007 ásamt með Ingibjörgu Pálmadóttur og Skarphéðni Steinarssyni og fleirum frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur. Flugið var því áætlað þann 3. maí og farþegar skráðir með fæðingardögum og vegabréfsnúmerum. Við nánari eftirgreinnum hefur komið í ljós að þetta flug virðist hafa verið fellt niður.

### 3. Ferðin til Kína 2007.

Ranglega er sagt í skýrslu vinnuhópsins að forsetinn hafi farið til Kína í júní 2007. Hið rétta er að ferðin var farin í október 2007. Eins og fram hefur komið var einn tilgangur farar forsetans að vera viðstaddir Heimsleika þroskaheftra og seinfærra (Special Olympics). Í svari forsetaembættisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um ferðir forseta Íslands, 5. mars 2009, segir um þetta atriði: „Farið var með leiguvel á vegum Glitnis en eins og embættið hefur áður upplýst hefði verið ógjörningur fyrir forseta að ná til Shanghai í tæka tíð fyrir boðaðan fund hans og Hu Jintao forseta Kína ef farið hefði verið með áætlunarvélum. Ekki var unnt að leggja fyrr af stað vegna setningar Alþingis þann 1. október. Glitnir var einnig helsti styrktaraðili íslensku þátttakendanna á Heimsleikunum.“

### 4. Fjöldi bréfa

Forsetinn afhenti rannsóknarnefndinni 18 bréf og það er vitnað í eða til 8 bréfa í þeim tilgangi að skoða hvort og hvernig hann greiddi götu einstakra fjármálamanna og/eða fyrtækja.

Þær missagnir sem hér hafa verið nefndar breyta engu um ályktanir og niðurstöður vinnuhópsins. Leiðréttigarverðar gerðar á vefútgáfu skýrslunnar.

Virðingarfyllst,

*Vilhjálmur Árnason  
Guðrún Þórdóttir  
Krislin Þórhelgiðótt*